

Garðabær
B.t. Svanhildar Þengilsdóttur

16. maí 2024
Tilvísun: 24010098

Efni: Niðurstöður frumkvæðisathugunar á upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga

Þann 25. mars 2024 sendi Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) út bréf sem innihélt tilkynningu til allra sveitarfélaga á landinu um að stofnunin hafi hafið frumkvæðisathugun á upplýsingagjöf um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga. Í bréfinu var einnig greint frá tilurð og markmiði athugunarinnar sem framkvæmd er á grundvelli 14. gr. laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV).

Við framkvæmd athugunarinnar var farið yfir upplýsingagjöf á vefsíðum sveitarfélaga til fatlaðs fólks sem könnuð var út frá eftirfarandi þáttum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

- Stoðþjónusta skv. 8. gr.
- Búseta skv. 9. gr.
- Notendasamningar skv. 10. gr.
- NPA skv. 11. gr.
- Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.
- Frístundaþjónusta skv. 16. gr.
- Skammtímadvöl skv. 17. gr.
- Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Einnig var upplýsingagjöf sveitarfélaganna könnuð út frá eftirfarandi þáttum úr lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga:

- Akstursþjónusta skv. 29. gr.
- Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laganna.

Frumkvæðisathugun GEV byggir á 32. gr. laga nr. 38/2018 þar sem fjallað er um frumkvæðisskyldu sveitarfélaga en í ákvæðinu segir að sveitarfélag skuli gera fötluðu fólki grein fyrir rétti sínum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018. Stafrænt aðgengi að upplýsingum um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk er mikilvægur liður í því samhengi.

Í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks, sem samþykkt var á Alþingi þann 20. mars 2024, er jafnframt fjallað um bætt aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk og fólk með langvarandi stuðningsþarfir og réttindi þess. Verkefni númer A.12 í landsáætluninni felur í sér að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar um réttindi og þjónustu við fatlað fólk

og fjölskyldur þess á einum stað. Tímaáætlun verkefnisins er frá 2025 til 2027 en þangað til að framkvæmd þess er lokið er mikilvægt að sveitarfélög sinni þessari upplýsingagjöf á sínum vefsvæðum.

Við athugunina var stuðst við eftirfarandi viðmið:

- Eru upplýsingar um þjónustuna aðgengilegar?
- Eru upplýsingar um umsóknarferli vegna þjónustunnar aðgengilegar?
- Vísa upplýsingar í nógildandi löggjöf?
- Ef umsóknarferli er rafrænt, er tekið fram hvernig hægt sé að leitast eftir þjónustunni utan rafrænna leiða?

Með vísan í framangreint mælist GEV til þess að bætt verði úr þeim þáttum í upplýsingagjöf sveitarfélagsins um þjónustu við fatlað fólk þar sem þeim er ábótavant, út frá niðurstöðum úttektarinnar.

Niðurstöður Garðabæjar

Almennur texti [um þjónustu við fatlað fólk](#) vísar í nógildandi löggjöf. Á síðu þar sem fjallað er um málefni fatlaðs fólks eru aðgengileg netföng og símanúmer sem hægt er að hafa samband við vegna þjónustu um málefni fatlaðs fólks. Upplýsingum um umsóknarferli vegna þeirra liða sem skoðaðir voru í athuguninni er í einhverjum tilfellum ábótavant.

1. Stoðþjónusta skv. 8. gr.

Fjallað er um félagslega liðveislu í valmynd á undirsíðu um þjónustu við fatlað fólk. Í umfjölluninni er þó ekki vísað í reglur sem þjónustan byggir á og upplýsingar skortir um umsóknarferli. [Reglur um stoðþjónustu](#) eru aðgengilegar á síðu um [reglur og samþykktir](#). Reglurnar vísa í nógildandi löggjöf.

2. Búseta skv. 9. gr.

Greint er frá [heimilum sem eru til staðar í Garðabæ](#) en upplýsingar um umsóknarferli eru ekki aðgengilegar.

3. Notendasamningar skv. 10. gr.

[Reglur um notendasamninga](#) eru aðgengilegar á síðu með reglum og samþykktum bæjarins. Upplýsingar um notendasamninga er hins vegar ekki að finna á síðu um málefni fatlaðs fólks.

4. NPA skv. 11. gr.

Engar upplýsingar er að finna um NPA á síðu um málefni fatlaðs fólks. [Reglur um NPA](#) má hins vegar finna á síðu með reglum og samþykktum. Reglurnar vísa í nógildandi löggjöf. Í reglunum er tekið fram að umsóknina megi nálgast í þjónustugátt bæjarins.

[Umsóknareyðublað um NPA](#) sem má finna á síðu með eyðublaðum bæjarins vísar í NPA sem tilraunaverkefni en ekki lögbundið þjónustuform og vísar eyðublaðið í eldri löggjöf sem fallin er úr gildi.

5. Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.

Umfjöllun um stuðningsfjölskyldur má finna á [síðu um málefni fatlaðs fólks](#). [Reglur um stuðningsfjölskyldur](#) eru frá árinu 2012 og vísa í eldri lög um málefni fatlaðs fólks sem fallin eru úr gildi. Umfjöllun um umsóknarferli er aðeins í reglunum.

6. Frístundapjónusta skv. 16. gr.

Fjallað er um [sértæka frístundapjónustu](#) fyrir fötluð börn og ungmenni í 5. – 10. bekk. Þar eru aðgengilegar upplýsingar um umsóknarferli ásamt upplýsingum um inntökuskilyrði. Umsókn aðeins aðgengileg rafrænt.

7. Skammtímadvöl skv. 17. gr.

Umfjöllun um skammtímadvöl er til staðar á síðu með upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk en ekki er greint frá umsóknarferlinu.

8. Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Á síðu um þjónustu við fatlað fólk er umfjöllun um hæfingu, starfsþjálfun og verndaða vinnu. Tilgreint er að fólk geti sótt um starfsþjálfun og verndaða vinnu en ekki eru nánari upplýsingar um vinnustaði sem standa til boða. Upplýsingar um umsóknarferli eru ekki aðgengilegar.

Tengiliðaupplýsingar eru einnig gefnar upp hjá Vinnumálastofnun vegna atvinnu með stuðningi en hlekkur á síðu Vinnumálastofnunar er óvirkur.

9. Akstursþjónusta skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umfjöllun um akstursþjónustu fatlaðs fólks er aðgengileg sem og umsóknir og upplýsingar um umsóknarferli. Hlekkur er á [reglur um þjónustuna](#) sem vísa í núgildandi löggjöf.

10. Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umfjöllun um stuðningsþjónustu er að finna í flokki sem varðar heimili og heimilishald á síðu um málefni fatlaðs fólks. Umsókn um stuðningsþjónustu er aðgengileg rafrænt og til útprintunar. [Reglur um þjónustuna](#) eru aðgengilegar og vísa í núgildandi löggjöf.

Athugun á vefsíðunni fór fram í apríl 2024.

Virðingarfyllst,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,

Tómas Ingi Adolfsson , sérfræðingur í eftirlitsteymi